

## Tillögur til 86. ársþings USÚ

### Tillaga 1

#### Tillaga fá stjórn USÚ

86. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjólts, haldið í Heklu, félagsheimili Umf. Sindra 27. mars 2019, samþykkir eftirfarandi breytingu á 7. grein laga sambandsins:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt ~~fundarþing~~boð (síðara ~~fundarþing~~boð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en ~~fjórum-tveimur~~ vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögum með ~~síðara~~ þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

### Tillaga 2

#### Tillaga fá stjórn USÚ

86. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjólts, haldið í Heklu, félagsheimili Umf. Sindra 27. mars 2019, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á Landsmót UMFÍ 50+, í Neskaupstað 28. – 30. júní og að sjálfsögðu á 22. Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið verður hér á Höfn um verslunarmannahelgina. Þingið hvetur ungmennafélaga einnig til þess að taka þátt í almenningisíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

### Tillaga 3

#### Tillaga fá stjórn USÚ

86. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjólts, haldið í Heklu, félagsheimili Umf. Sindra 27. mars 2019, hvetur félagsmenn aðildarfélaga USÚ og aðra íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar til þess að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd 22. Unglingalandsmóts UMFÍ, sem haldið verður á Höfn um verslunarmannahelgina.

### Tillaga 4

#### Tillaga fá stjórn USÚ

86. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjólts, haldið í Heklu, félagsheimili Umf. Sindra 27. mars 2019, samþykkir að þátttökugjöld keppenda USÚ á Unglingalandsmóti 2019 verði greidd af USÚ.

### Tillaga 5

#### Tillaga fá stjórn USÚ

86. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjólts, haldið í Heklu, félagsheimili Umf. Sindra 27. mars 2019, samþykkir að Klifurfélag Öræfa, KFÖ, fái aðild að USÚ.